

## REGLUGERÐ

**um gildistöku framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2208 um að bæta Breska konungsríkinu við sem þriðja landi þaðan sem innflutningur inn í Sambandið á sendingum af heyi og hálm er heimilaður.**

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. kafla, I. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 134/2007, frá 26. október 2007, öðlast eftirfarandi ESB-gerð gildi hér á landi:

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2208 frá 22. desember 2020 um að bæta Breska konungsríkinu við sem þriðja landi þaðan sem innflutningur inn í Sambandið á sendingum af heyi og hálm er heimilaður.

2. gr.

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2208, sem nefnd er í 1. gr., er birt sem fylgiskjal við þessa reglugerð.

3. gr.

Matvælastofnun annast eftirlit samkvæmt reglugerð þessari.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 93/1995, um matvæli, lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og lögum nr. 22/1994, um eftirlit með fœðri, áburði og sáðvöru, öll með síðari breytingum.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 7. janúar 2021.*

**Kristján Þór Júlíusson**  
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

*Iðunn Guðjónsdóttir.*

**Fylgiskjal.****FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/2208**

frá 22. desember 2020

**um að bæta Breska konungsríkinu við sem þriðja landi þaðan sem innflutningur  
inn í Sambandið á sendingum af heyi og hálm er heimilaður****(Texti sem varðar EES)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fôður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) <sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. 128. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Tilteknar plöntuafurðir, þ.m.t. hey og hálmur, hafa í för með sér áhættu á að breiða út smitandi sjúkdóma til dýra.
- 2) Í 2. mgr. 128. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 er kveðið á um þá þætti sem ættu að koma fram í ráðstöfunum sem eru nauðsynlegar til að halda slíkri áhættu í skefjum.
- 3) Í 9. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 136/2004 <sup>(2)</sup> er gerð krafa um heilbrigðiseftirlit með þeim plöntuafurðum sem eru tilgreindar í IV. viðauka við þá reglugerð, þ.m.t. hey og hálmur. Í V. viðauka við þá reglugerð eru tilgreind þau lönd þaðan sem aðildarríkjunum er heimilt að flytja inn hey og hálm og tilgreind skilyrði fyrir slíkum innflutningi.
- 4) Í 12. kafla I. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2007 <sup>(3)</sup> eru tilgreind SN-númer fyrir hey og hálm.
- 5) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2130 <sup>(4)</sup> felldi reglugerð (EB) nr. 136/2004 úr gildi en um leið var kveðið á um að 9. gr. og IV. og V. viðauki við reglugerð (EB) nr. 136/2004 yrðu áfram í gildi til 21. apríl 2021.
- 6) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/2130 gildir um hey og hálm sem koma inn til Sambandsins. Í þeirri framkvæmdarreglugerð er kveðið á um ítarlegar reglur um sannpröfun skjala, sannpröfun auðkenna og eftirlit með ástandi sem á að inna af hendi með heyi og hálm á landamæraeftirlitsstöðvum.
- 7) Í ljósi þess að aðlögunartímabilinu, sem kveðið er á um í samningnum um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu („útgöngusamningurinn“), lýkur 31. desember 2020 fór Breska konungsríkið þess á leit að fá að halda áfram útflutningi sínum á heyi og hálm til Sambandsins.
- 8) Enn fremur eru hey og hálmur vörur sem geta borið með sér áhættu fyrir heilbrigði dýra. Núverandi heilbrigðisástand dýra í Breska konungsríkinu veldur þó engum áhyggjum í tengslum við útflutning á heyi og hálm til Sambandsins. Því þykir rétt að fella hey og hálm, sem eru upprunnin í Breska konungsríkinu, undir sannpröfun skjala, sannpröfun auðkenna og eftirlit með ástandi á landamæraeftirlitsstöðinni þar sem þau koma fyrst inn í Sambandið.
- 9) Breska konungsríkið hefur lagt fram nauðsynlegar ábyrgðir, sem hefðu uppfyllt skilyrðin í reglugerð (EB) nr. 136/2004, fyrir þriðja land til að vera fært á skrá í V. viðauka við þá reglugerð og til að vera fært á skrána yfir þriðju lönd þaðan sem aðildarríkjunum er heimilt að flytja inn hey og hálm. Að teknu tilliti til mögulegrar áhættu fyrir heilbrigði dýra sem og til þeirra ábyrgða sem Breska konungsríkið lagði fram ætti að bæta því þriðja landi við sem þriðja landi þaðan sem aðildarríkjunum er heimilt að flytja inn hey og hálm, með fyrirvara um beitingu laga Sambandsins um og innan Breska konungsríkisins að því er varðar Norður-Írland, í samræmi við 4. mgr. 5. gr. bókunarinnar um Írland/Norður-Írland við útgöngusamninginn, í tengslum við 2. viðauka við þá bókun.
- 10) Tilskipun ráðsins 97/78/EB <sup>(5)</sup>, sem myndaði lagalegan grundvöll fyrir reglugerð (EB) nr. 136/2004, var felld úr gildi með 1. mgr. 146. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 og getur því ekki verið lagalegur grundvöllur fyrir því að færa Breska konungsríkið á skrá í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 136/2004.
- 11) Þar eð skráin yfir þriðju lönd, þaðan sem aðildarríkjunum er heimilt að flytja inn hey og hálm, í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 136/2004 gildir til 21. apríl 2021 er framkvæmdastjórnin ekki enn búin að samþykkja neina framselda gerð, í samræmi við 1. mgr. 126. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, til að mæla fyrir um að hey og hálmur megi einungis koma inn til Sambandsins frá þriðja landi eða svæði í þriðja landi sem er að finna í skrá sem framkvæmdastjórnin tekur saman í því skyni. Af því leiðir að ekki er hægt að skrá Breska konungsríkið í slíka skrá í samræmi við 1. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625. Þess vegna ætti að bæta Breska konungsríkinu við sem þriðja landi þaðan sem aðildarríkjunum er heimilt að flytja inn hey og hálm, með fyrirvara um ítarlegar reglur um þá starfsemi sem á að fara fram í tengslum við vörur sem falla undir opinbert eftirlit á landamæraeftirlitsstöðvum í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/2130.
- 12) Meðan þess er beðið að skránni í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 136/2004 verði skipt út fyrir ráðstöfun sem er samþykkt í samræmi við reglugerð (ESB) 2017/625 þykir rétt að heimila innflutning á heyi og hálm, sem koma frá og eru upprunnin í Breska konungsríkinu, inn í Sambandið. Með því væri unnt að halda áfram viðskiptum við Breska konungsríkið en taka um leið tillit til núverandi heilbrigðisástands dýra í Breska konungsríkinu.

- 13) Þar eð aðlögunartímabilinu, sem kveðið er á um í útgöngusamningnum, lýkur 31. desember 2020 ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2021.
- 14) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMBÝKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Innflutningur á heyi inn í Sambandið (SN-númer úr 1214 90, eins og um getur í 12. kafla I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/2007) og hálm (SN-númer úr 1213 00 00, eins og um getur í 12. kafla I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/2007), sem koma frá og eru upprunnin í Breska konungsríkinu og hjálendum krúnunnar, skal heimilaður.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. desember 2020.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,  
forseti.*

Ursula VON DER LEYEN

---

(<sup>1</sup>) Stjtið. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1.

(<sup>2</sup>) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 136/2004 frá 22. janúar 2004 um reglur um heilbrigðiseftirlit dýralæknis á skoðunarstöðvum Bandalagsins á landamærum með afurðum sem eru fluttar inn frá þriðju löndum (Stjtið. ESB L 21, 28.1.2004, bls. 11).

(<sup>3</sup>) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2007 frá 18. nóvember 2019 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar skrár yfir dýr, afurðir úr dýraríkinu, kimefni, aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir og hey og hálm sem falla undir opinbert eftirlit á landamæraeftirlitsstöðvum og um breytingu á ákvörðun 2007/275/EB (Stjtið. ESB L 312, 3.12.2019, bls. 1).

(<sup>4</sup>) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2130 frá 25. nóvember 2019 um að koma á ítarlegum reglum um þá starfsemi sem á að fara fram á meðan og á eftir sannprófun skjala, sannprófun auðkenna og eftirliti með ástandi dýra og vara sem falla undir opinbert eftirlit á landamæraeftirlitsstöðvum (Stjtið. ESB L 321, 12.12.2019, bls. 128).

(<sup>5</sup>) Tilskipun ráðsins 97/78/EB frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til Bandalagsins frá þriðju löndum (Stjtið. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9).